


Þjóðfræði – Upphaf

Upphaf þjóðfræða, þ.e. markviss þjóðsagnasöfnun og vísindalegar þjóðsagnarannsóknir, er yfirleitt rakið til Grimms bræðra. Bræðurnir Jacob og Wilhelm Grimm voru starfandi í Þýskalandi á 19. öld. Þá var rómantíska tímabilið ríkjandi sem líklega hafði einhver áhrif á hvaða stefnu starf þeirra tók. Bræðurnir voru menntaðir í sögu, málvísindum og textafræði en stærsti hluti ævistarfs þeirra snerist um söfnun og útgáfu þjóðsagna. Rómantíska tímabilið einkenndist m.a. af áherslu á upplifun og skynjun einstaklingsins, mikil náttúrudýrkun með áherslu á fegurð náttúrunnar en einnig var mikil áhersla lögð á fortíð þjóða. Þar var einblínt á glæsta fortíð þjóða og eflingu jákvæðrar sjálfsmyndar þeirra.




Bræðurnir einbeittu sér að því að safna sögum frá ólæsu almúgafólki því þeir trúðu því að til þess að geta fundið upplýsingar um leifar fornra trúarbragða og goðsagna væri helst að leita þeirra hjá fólki sem ekki hefði spillt af skólagöngu. Því einbeittu þeir sér, að sögn, að því að safna efni meðal alþýðu manna og meðal bændastéttarinnar. Þar einbeittu þeir sér helst að efni sem hafði varðveist í munnlegri geymd, þ.e. gengið mann fram af manni munnlega, árum, áratugum og jafnvel öldum saman. Efni sem aldrei hafði áður verið skráð og var höfundarlaust.

Bræðurnir lögðu áherslu á að nálgast þjóðsagnaefni sitt sem vísindaleg gögn sem þyrfti að vinna úr þannig að stæðist vísindalegar kröfur. Jacob Grimm birti texta árið 1811 þar sem hann fór yfir hvernig safna og umgangast bæri þessi gögn, hvernig staðið skildi að


söfnun efnis úr munnlegri geymd. Þar lagði hann áherslu á að nauðsynlegt væri að skrifa allt nákvæmlega niður, ekki breyta um staf né leiðréttu neitt. Málýskur, orðafar og talsmáti sögumann átti alltaf að halda sér. Þessi yfirlýsing olli straumhvörfum í meðferð á þjóðsagnaefni og söfnun á því og lagði grundvöllinn að þjóðfræði sem fræðilegri vísindagrein.

Árin 1812 og 1815 gáfu Grimmsbræður síðan út safn sitt af því efni sem þeir höfðu safnað, og nefndu bókina *Kinder- und Hausmärchen* sem í dag er yfirleitt vísað til sem Grimmsævintýra. Þar er að finna mörg þekktustu ævintýru samtímans eins og Öskubusku, Hans og Grétu, Rauðhettu, Mjallhvíti og dvergana sjö og m.fl.



Enn þann dag í dag er farið eftir þessum leiðbeiningum Jacob Grimm. Fræðimenn taka upp og skrá sögur og frásagnir nákvæmlega eins og sögumenn segja frá. Seinni tíma rannsóknir hafa hins vegar leitt í ljós að þeir bræður fóru hreint ekki alltaf eftir þessum reglum sjálfir. Komið hefur í ljós að þeir snyrtu sögur og aðlöguðu þannig að þær væru betur úr garði gerðar fagurfræðilegar. Einnig kom í ljós að heimildamenn voru ekki alltaf jafn ólíkir og fjölbreyttir og þeir vildu vera láta.

Áhugi á þessari söfnun þeirra bræðra vakti áhuga fleiri og dreifðist víða. Hófu menn að safna sögum hingað og þangað um heiminn, m.a. á Íslandi. Hér voru það Magnús Grímsson og Jón Árnason sem fyrstir fóru af stað við að safna efni á Íslandi. Þeir gáfu



út smárit árið 1852, *Íslenzk æfintýri*.

Magnús dó ungur en Jón hélt áfram að safna skipulega og gaf út ritið *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* 1862-1864.

